

ELDRA FÓLK VILL HAFA ÁHRIF Á EIGIÐ LÍF



Áhersluatriði eldra fólks í komandi Alþingiskosningum

1 Eldra fólk fái að vinna eins og það vill

Frítækjumörk vegna lífeyris frá lífeyrissjóðum verði 100.000 kr. Eftirlauna-fólk fái að vinna eins og því sýnist án skerðinga í almannatryggingakerfinu og njóti afraksturs vinnu sinnar eins og aðrir. Lágmarkslífeyrir verði aldrei lægri en umsamin lágmarkslaun á almennum vinnumarkaði. Ellilífeyrir og frítækjumörk hækki árlega samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.

2 Starfslok miðist við færni en ekki aldur

Það er réttlætismál að eldra fólk fái að miða starfslok sín við áhuga, færni og getu en þurfi ekki að hætta virkri þátttöku í atvinnulífinu eingöngu vegna aldurs. Aldursmismunur er bönnuð samkvæmt stjórnarskrá. Skorað er á alþingismenn að fella úr allri lagasetningu ákvæði um aldurstengdar viðmiðanir, en leggja þess í stað áherslu á þekkingu, reynslu, hæfni og menntun fólks óháð aldri.

3 Heilsugæslan verði vagga öldrunar- þjónustunnar

Til að eftirlaunafólk geti lifað heima hjá sér með reisn, er lagt til að ríki og sveitarfélög stórauki samvinnu sína með það að markmiði að heilsugæslan verði vagga öldrunarþjónustunnar. Öll fjárframlög taki mið af þessu. Heilsugæslan nálgist eldra fólk fyrr á lífsleiðinni með samhæfðri teymisvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga og félagsþjónustu sveitarfélaga og haldi því sambandi. Velferðartækni ætti að vera mikilvægur þáttur í öryggi í heimahúsum eldra fólks. Þáttur aðstandenda verði metinn með umönnunarálagi. Stofnun öldrunargeðdeildar er forgangsmál.

4 Millistig milli heimilis og hjúkrunar- heimilis

Ljóst er að búseta á eigin heimili hentar ekki öllum, þó þeir þurfi ekki dvöl á hjúkrunarheimili. Búsetuúrræði fyrir eldra fólk eru hins vegar alltof fábreytt. Það vantar millistig, milli búsetu á eigin heimili og hjúkrunarheimili. Brýnt er að finna fjölbreytt úrræði til að mæta þessari þörf.

Fjármunum Framkvæmdasjóðs aldraðra verði einungis varið til byggingar stofnana fyrir aldraða og til að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar og endurbætur á húsnæði sem notað er til þjónustu við þá eins og kveðið er á um í lögum.

5 Ein lög í stað margra lagabálka

Um málefni sem varða eldra fólk sérstaklega gilda of margir og of sundurleitir lagabálkar þar á meðal almannatryggingalögin. Einfalda þarf laga-umhverfið og gera það skilvirkara meðal annars með því að skilja að lög um eldra fólk og öryrkja. Tryggja þarf aðkomu eldri borgara að þeirri endurskoðun.

ELDRA FÓLK VILL HAFA ÁHRIF Á EIGIÐ LÍF



LEB

Landssamband eldri borgara

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni
Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi
Félag eldri borgara Kópavogi
Félag eldri borgara Garðabæ
Félag eldri borgara Hafnarfirði
Félag eldri borgara Álfanesi
Félag eldri borgara Suðurnesjum
Félag aldraðra í Mosfellsbæ og nágrenni
Félag eldri borgara Akranesi og nágrenni
Félag eldri borgara í Borgarnesi og nágrenni FEBBN
Félag aldraðra Borgarfjarðardölum
Aftanskin Félag eldri borgara í Stykkishólmi
Félag eldri borgara Grundarfjarðarbæ
Félag eldri borgara Snæfellsbæ
Félag eldri borgara Dalabyggð og Reykhólahreppi
Félag eldri borgara á Ísafirði og nágrenni
Félag eldri borgara Bolungarvík
Félag eldri borgara Önundarfirði
Félag eldri borgara Vestur-Barðastrandarsýslu
Félag eldri borgara Strandarsýslu
Félag eldri borgara Húnaþingi vestra
Félag eldri borgara í Húnaþingi
Félag eldri borgara Skagafirði
Félag eldri borgara Siglufirði
Félag eldri borgara á Akureyri
Félag eldri borgara í Eyjafjarðarsveit
Félag eldri borgara í Grýtubakkahreppi
Félag eldri borgara í Dalvíkurbyggð

Félag eldri borgara Ólafsfirði
Félag eldri borgara Húsavík
Félag eldri borgara í Þingeyjarsveit
Félag eldri Mývetninga
Félag eldri borgara við Öxarfjörð
Félag eldri borgara Raufarhöfn
Félag eldri borgara við Þistilfjörð
Félag eldri borgara Vopnafirði og Bakkafirði
Félag eldri borgara Fljótshálsa
Félag eldri borgara Borgarfirði Eystra
Félag eldri borgara Reyðarfirði
Félag eldri borgara á Eskifirði
Félag eldri borgara Norðfirði
Perlur, Félag eldri borgara Fáskrúðsfirði
Félag eldri borgara Djúpavogi
Félag eldri Hornfirðinga
Félag eldri borgara Selfossi
Félag aldraðra í Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Félag eldri borgara í Biskupstungum FEBB
Félag eldri borgara Hveragerði
Félag eldri borgara í Ölfusi
Félag eldri borgara Eyrarbakka
Félagið 60 plús í Laugardal
Félag eldri Hrunamanna
Félag eldri borgara í Rangárvallasýslu
Samherjar félag eldri borgara í Mýrdal
Félag eldri borgara í Skaftárhreppi
Félag eldri borgara Vestmannaeyjum